

1008. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 8. október 2008 kl. 17:45 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Gunnar Páll Pálsson, Stefanía Magnúsdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Jón Hrafn Guðjónsson, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Valur M. Valtýsson, Steinar J. Kristjánsson og Árni Leósson sem ritar fundargerð. Auk þess frá Lív: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, Guðbrandur Einarsson, Snæbjörn Sigurðarson, og Margrét Ingbórsdóttir og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir sem voru með símatengingu við fundinn. Auk þess Ástríður Valbjörnsdóttir.

Dagskrá:

A. Sameiginlegur fundur stjórna VR og Lív

1. Staðan í dag

Gunnar Páll upplýsti að strax við fall Glitnis banka hafi verið hafin vinna hjá lífeyrissjóðum og verkalýðshreyfingunni enda ljóst að málið væri alvarlegt. Fyrst hafi stjórnvöld tekið fálega í óskir um fundi þar til skyndilega var talin þörf á fjármunum lífeyrissjóðanna erlendis. Jafnskyndilega varð ljóst að vandinn var ennþá stærri heldur en menn héldu. Ljóst er að hremmingar í Bretlandi eru að setja Kaupþing banka í mjög slæma stöðu og mun það hafa áhrif á stöðu okkar og lífeyrissjóðsins.

Ingibjörg sagði ljóst að búið væri að eyða miklum tíma í þetta mál og alls kyns fundarhöld m.a. var fundað í dag með formönnum landssambanda, SA og nokkrum alþingismönnum („krísuhópurinn“).

2. Kynning á stöðunni hjá Lífeyrissjóði Verslunarmanna

Á fundinn gekk nú Guðmundur Þ. Þórhallsson, starfsmaður Lífeyrissjóðs Verslunarmanna til þess að reifa mat hans á stöðunni hjá sjóðnum og svo almennt í fjármálakerfinu. Guðmundur fór yfir atburði og lýsti þeim sem hamförum sem hefðu mikil áhrif á eignastöðu sjóðsins en ekki væru öll kurl komin til grafar og erfitt að spá um lokastöðu, enn er t.d. óvíst með tryggingu á séreignarsparnaði hjá öllum lífeyrissjóðum. Ljóst væri þó að óhjákvæmileg væri lækkun lífeyrisgreiðslna en ekki hægt að segja, og í raun óábyrgt, að giska á prósentur í því óvissuástandi sem nú ríkir.

Umræður urðu nú um það sem fram kom, m.a. var talað um að við myndum auðvitað mótmæla því mjög harðlega ef allt á að vera tryggt í lífeyrissjóði opinberra starfsmanna en ekki hjá okkur.

3. Afmæli

Ingibjörg kvað sér nú hljóðs og bauð Benedikt Vilhjálmssyni að stíga fram í tilefni af 60 ára afmæli hans. Ingibjörg og Gunnar Páll þökkudu honum fyrir allt hans góða starf fyrir samtök verslunarmanna. Tóku fundarmenn undir þakkarorð þeirra Ingibjargar og Gunnars Páls með lófataki.

Með þessu var sameiginlegum fundi stjórna VR og Lív slitið og véku fundarmenn frá Lív af fundi.

B. Stjórnarfundur VR

1. Fundargerðir síðustu funda

Fundargerð 1006. fundar látin ganga, samþykkt og undirrituð. Ákveðið að fresta samþykkt fundargerðar 1007. fundar (aukafundur á laugardag) þar sem ekki allir höfðu haft nægilegan tíma til þess að kynna sér hana.

2. Staða efnahagsmála

Framhaldsumræður urðu nú um stund á sömu nótum og var undir lið nr. 1 á sameiginlegum fundir VR og Lív, sbr. hér að ofan.

3. Efnahagur VR

Gunnar Páll lagði fram nokkar útprentaðar glærur um safnið hjá Glitni og upplýsti að verið sé að reyna að flytja sem mest yfir í laust fé (á bankabók) – það tókst að hluta til og má sjá skiptingu, fyrir og eftir, á meðfylgjandi glærum /kökuritum.

Ljóst er að töluvert mikið af fé VR er í hættu en munum þó stefna á að borga út úr VR varasjóði á föstudag en með lækkuðu gengi, kannski mínus 10%, eða þá að við frestum greiðslu.

Gunnar Páll óskaði eftir því að gera mætti breytingu á fjárfestingarstefnu VR á þann veg að erlendar eignir mættu fara niður í 0. Fundarmenn samþykktu að breyta fjárfestingarstefnunni með þessum hætti.

4. Orlofsjóður

Gunnar Páll lagði fram afrit af *fundargerð stjórnar orlofssjóðs*, dags. 01.10 2008. Þar voru m.a. ræddar mögulegar hækkunir á útleigu þar sem ekki hefði verið hækkað verð í orlofshús síðan í janúar en verðbólga er nú 14%. Á fundi orlofsstjórnar var ákveðið að mæla með 6% hækkun í fyrstu en endurskoða það á 3 mánaða fresti.

Rannveig tók til máls og sagðist alls ekki geta samþykkt neina hækkun þar sem slíkt passaði ekki við ástandið í þjóðfélaginu í dag.

Fundarmenn tóku undir með Rannveigu og var ákveðið að fresta hækkun, í ljósi aðstæðna, um einn fund.

Gunnar Páll lagði einnig fram skjalið, „*Orlofshús VR – Hvert skal stefna?, hugleiðingar GPP 1.10.08*“ – ákveðið að bíða með umfjöllun og voru fundarmenn beðnir um að kynna sér þetta og lesa milli funda. Kom fram í máli Gunnars að ákveðið hafi verið að fresta fyrirhuguðum fundi trúnaðarmanna og trúnaðarráðs um orlofsmál sem halda átti 4. nóvember n.k.

5. Sjúkrasjóður

Gunnar Páll ræddi um tillögu um reglur fyrir eldri félagsmenn sem lögð hafði verið fram til skoðunar á síðasta fundi, ásamt tillögu að bréfi til afhendingar hjá Lífeyrissjóði og framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR hefði nú farið yfir. Engar breytingartillögur hefðu komið hjá framkvæmdastjórn og samþykktu fundarmenn reglurnar.

6. Sameiginlegir fundir með stjórn LÍV

Gunnar Páll ræddi um að þetta nýja form um sameiginlega fundi með Lív, sem virðist heppnast mjög vel og lagði fram fundarplan, „*Fundir LÍV 2008-2009*“.

Fór Gunnar Páll yfir plaggið og var samþykkt að hafa þetta með þessum hætti.

7. Stjórnskipun VR

Gunnar Páll ræddi að eftir sameiningar og breytingar á Lív hefði komið upp ósk um að stjórnskipulag VR væri endurskoðað. Vildi Gunnar Páll opna umræðuna og velti fram hugmynd til umræðu hvort stækka stjórn VR í 20 manns og yrði það nokkurs konar „Aðalstjórn“ sem myndi koma saman kannski 3 – 4 sinnum á ári og síðan yrði úr þeim hópi kosin 7 – 10 manna framkvæmdastjórn sem kæmi saman 4-6 sinnum í viðbót. Þá mætti fjölga í trúnaðarráði t.d. úr 100 í 120 og þannig hefðu allir í nýju deildunum aðkomu að stjórn VR.

Nokkrar umræður urðu nú um þennan dagskrárlið.

8. Ársfundur ASÍ

Gunnar Páll ræddi um að allur vindur væri nú farinn úr seglum ársfundar vegna alvarlegs ástands í þjóðfélaginu. Höldum þó áfram vinnu við undirbúning og kynninguna fyrir ársfundarfulltrúa sem fyrirhuguð er á morgun.

9. Umboð og samningur við Kaupþing

a. Purfum að ganga frá umboði með meirihlutaundirskrift – skjal látið ganga til undirskriftar.

b. Samningur, „*Almennir markaðsskilmálar fyrir verðbréfavíðskipti milli Kaupþings banka hf. og víðskiptavina bankans*“, (sem Gunnar Páll hafði sent fundarmönnum í tölvupósti) látið ganga til undirskriftar.

Gunnar Páll sagði að þessi samningur væri í raun það sama og við höfðum áður en nú væri kveðið skýrar að öllu. Leggur meiri ábyrgð á okkur og fjármálastjóra VR.

Samþykkt og bæði skjöl undirrituð af meirihluta fundarmanna. Rannveig lætur bóka mótatkvæði sitt.

10. Húsnæðismál

a. Afl á Austurlandi vill kaupa okkur út úr núverandi húsnæði og hafa lagt fram 5 milljón kr. tilboð í okkar eign. Það er sanngjarnt verð og var Gunnari Páli veitt umboð til að skrifa undir kaupsamning. Gunnar Páll sagði frá því að svo vildi til að til sölu væri húsnæði kaffihúss á jarðhæð í sama húsnæði en það er um 150 fm. Væri það hugmynd að stilla saman netkaffihúsi og stéttarfélagsskrifstofu okkar og við myndum leigja út kaffihússhlutann og gætu þeir verið okkur innan handar með að taka á móti pappírurum t.d. gegn afslætti af leiguverði. Fundarmönnum fannst þetta skemmtileg hugmynd og var ákveðið að skoða þetta áfram.

b. Ljóst að það þarf að flikka uppá anddyri í Húsi Verslunarinnar og innra rýmið í anddyri nýtist engum eins og staðan er nú en það býðst okkur til kaups. Gunnar Páll óskaði eftir heimild til þess að skoða möguleikann á að kaupa þetta og annað hvort búa þar til sal eða skrifstofur og færa þá starfsmenn meira saman. Samþykkt að Gunnar Páll skoði þetta og möguleika þess að kaupa.

11. Styrkir

Gunnar Páll lagði fyrir umsókn um styrk frá forvarnarverkefninu „Þjóð gegn þunglyndi“ sem er á vegum Landlæknisembættisins og óska þeir eftir einni milljón kr. í styrk.

Gunnar Páll lagði til að við myndum styrkja þetta í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu í dag.

Rannveig tók til máls og sagðist á móti þessu enda væru þetta opinberir aðilar. Jóhanna S. var sammála því og en Benedikt tók fram að erfitt væri að hafna þessu nú í ljósi aðstæðna.

Greidd voru atkvæði og var styrkurinn samþykktur með meirihluta greiddra atkvæða, einn var á móti og einn sem sat hjá.

12. Trúnaðarmenn – Eftirfarandi listi lagður fram og samþykktur. 7 nýir og 4 endurkjörnir.

a	Svava Traustadóttir	IKEA	Nýr
b	Jónína Helga Ólafsdóttir	Iceland Express	Endurkjör
c	Jóhann Þór Hopkins	Johan Rönnung	Nýr
d	Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir	Vodafone	Nýr
e	Jóhanna Másdóttir	Atlantsskip	Nýr
f	Lilja Gísladóttir	Bónus - Egilsstaðir	Endurkjör
g	Þórhalla Sólveig Sigmarsdóttir	Arion verðbréfasala	Endurkjör
h	Viktor Jónsson	Sena	Endurkjör
i	Björk Guðjónsdóttir	Betware	Nýr - eftir hlé
j	Helga Aðalbjörg Árnadóttir	Gróðurvörur	Nýr
k	Alþýðusamband Íslands	Guðmundur Hilmarsson	Nýr